


Að vera á móti

Það hefur lítið verið gert að því að setja upp listsýningar byggðar á ákveðnu stefni eða verkefni hér á landi. Þetta er miður, því slíkar sýningar geta verið bæði skemmtilegar og fræðandi og auk þess fara þær út fyrir það „egósentrí“ sem einkennir venjulegar listsýningar. Opinberar stofnanir hér hafa ríghaldið í einka- og yfirlitssýningarformið, að Listasafni alþýðu undanskildu, sem m.a. hefur sett upp listsýningar um „vinnuna“ og „blóm í myndlist“.

Herstöðvarmálið hefur verið eitt mesta hitamál og bitbein okkar Íslendinga í þrjátíu ár og það er ekki nema eðlilegt að listamenn skuli hafa tekið þátt í þeirri umræðu. Listin er jú af þessum heimi og tekur mið af því andrúmslofti sem ríkir í þjóðfélaginu hverju sinni. Hún er ekki aðeins til ánægju heldur einnig til vakningar.

Rýr afrakstur

Hafi listamenn sterka andúð á heretu hér, hljóta þeir að láta hana í ljós á einhvern hátt. Sú hugsun hefur verið ofarlega í huga þeirra sem „skipulögðu“ listsýningu þá sem stendur nú yfir að Kjarvalsstöðum í tilefni af 30 ára veru Ísland í NATO. En skelfing er afraksturinn rýr. Annaðhvort verður maður að álykta að íslenskum listamönnum sé flest annað tamara en að brúka list sína í þágu ákveðins málstaðar eða þá að aðstandendur hafa hreinlega ekki fundið þau verk sem máli skipta. Upphaflega skilst mér að sýningin hafi átt að fjalla um heretuna en síðan var ákveðið að leyfa öðrum



Bjarni Þórarinnsson — Natohrelður 1979.

samferðamönnum, sem stunda huglægar listir, að fljóta með og „helga verk sín baráttunni“ eins og segir í sýningarskrá. Þetta hefði sosum verið allt í lagi, hefði sýningunni verið skipt niður í bása eftir efni, afstöðu o. fl.

Dánir vitna

Eins og stendur ægir öllu saman: málverkum, litlum og stórum, skrípamyndum, klippimyndum, grafik o. fl. o. fl. eins og á herjans miklum basar. Einkennilegust finnst mér notkun á verkum dáiinna listamanna á sýningunni. Nú má kannski segja að menn eins og Scheving og Snorri Arinbjarnar hafi verið fylgjandi baráttu hins vinnandi manns fyrir bættum lífskjörum og þá baráttu mætti hugsanlega tengja andófi gegn hernum með einhvers konar röksemdafærslu. En er nokkur trygging fyrir því að þessir ágætu listamenn mundu kæra sig um að hanga innan um alls konar meðal-skussa á myndabasar? Heiðarlegast hefði verið að byggja sýninguna upp á núlifandi fólki einvörðungu. En þótt verk þessara látnu listamanna séu ekki mörg, yrði ansi lítið eftir af sýningunni væri heim kippt í burtu.

Fyrir ofan dægurþras

Hvað er það sem gerir ádeilu eða ádrepu áhrifamikla? Listamaðurinn



Hildur Hákonardóttir — Sápuauglýsing 1975.



Guðmundur Ármann — „Hafðu þetta strákur...“ 1979.

verk sem skilja eitthvað eftir hjá áhorfendum. Ástæðan er sú að listamennirnir kunna að halda á verkfærum sínum og þeir byggja verk sín ekki upp á hrópum, köllum og skirskotunum í atburði sem gerðust í gær. („Who wants yesterday's papers...“).


Um stríðsfasisma yfirleitt

Í staðinn nota þeir óræði skáldskaparins og tala í hálfkveðnum vísum — án þess að missa sjónar á takmarkinu — og þeir fjalla ekki eingöngu um heretu á Íslandi heldur allt henaðarbrólt og stríðsfasisma í heiminum. Þar koma bæði Jón Reykdal og Ríkhartur Valtingoer vel út og Tryggvi Ólafsson hefur til að bera nokkurn slagkraft í verkum sínum þótt þær myndir sem hér eru gefi ekki fullgæjandi mynd af skoðunum hans. Ragnheiður Jónsdóttir virðist í grafik sinni hafa dottið niður á „tákn“ sem hafa varanlegan áhrifamátt og „Sápuauglýsing“ Hildar Hákonardóttur frá 1975 heldur krafti sínum og húmor.

Að sjálfsgöðu eru hér traust verk eftir nokkra aðra listamenn en þau eru fæst ný og ekki beint innlegg í baráttuna. — Agúst Petersen, Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn, Magnús Tómasson, Magnús Pálsson og Örn Þorsteinsson.

Það olli mér einnig nokkrum vonbrigðum hve fáir listamenn tóku á sig rögg og unnu sérstök verk fyrir þetta tækifæri. Þeir eru eiginlega

verður fyrst og fremst að hafa vald á miðli sínum. Allur klaufaskapur slævir broddinn með því að draga að sér athygli og spilla úrvinnslu inntaksins. Í öðru lagi verður listamaðurinn að hafa hugarflug til að lyfta ádrepu sínum upp úr dægur-



Sigurjón Ólafsson — Leynivopnið, 1979.

þrasi og hann verður að gera þær þannig úr garði að þær höfði ekki aðeins til samtímans heldur allra tíma.

Því miður virðist þeim vera mest niðri fyrir um heretuna sem minnst geta tjáð sig. Menn glutra niður skoðunum sínum í klaufalegri teikningu, málun eða prentun — útþældum hugmyndum er þvælt út aftur og aftur og á sumum stöðum er barnaskapurinn svo yfírgengilegur að ekki er nokkur leið að nálgast verkin nema með hláturrokki í hálsinum — eða kökk.

Á hinn bóginn eru þarna nokkur

ekki nema tveir: Bjarni Þórarinnsson og Sigurjón Ólafsson. Hinn fyrri vann úr einfaldri hugmynd en nokkur glúrinni, í þessu samhengi, en Sigurjón skar úr margslungið og varanlegt tákn úr tré.

Að lokum rennur upp fyrir manni að flest af því sem þessir myndlistarmenn eru að segja hefur komið langt um betur fram í bundnu máli og óbundnu. Kannski maður ætti að veðja á skáldavökurnar í staðinn. E.S. Hvað varð um allar ljósmyndirnar, sem áttu að vera á göngum Kjarvalsstaða?

Myndlist

ADALSTEINN
INGÓLFSSON

